

Siðferði og dygðir í

# *Gísla sögu*

## Verkefnahefti

Róbert Jack og Þóra Björg Sigurðardóttir

Róbert Jack og Þóra Björg Sigurðardóttir

í samstarfi við Menntamálastofnun

Kópavogur 2021

2891

Siðferði og dygðir í *Gísla sögu* – Verkefnahefti  
© 2021 Róbert Jack og Þóra Björg Sigurðardóttir  
1. útgáfa 2021

Róbert Jack í samstarfi við Menntamálastofnun  
Reykjavík  
Öll réttindi áskilin

## Kafli 1

Nýtt dygðahugtak: Sanngirni

1. Í Íslendingasögnum skiptir sæmd eða virðing miklu máli og því má tala um að þar sé sæmdarsíðferði við lýði. Dómskerfið var mjög ófullkomið á þessum tíma. Stór hluti af því að halda sæmdinni var því að geta varið sig fyrir árásum. Af hverju má segja að eftirfarandi snúist um sæmd?
  - a. Ari Þorkelsson kýs að berjast við Björn hinn blakka.
  - b. Gísli bróðir Ara vill frekar láta lífið en að Björn eignist konu Ara.
  - c. Gísli gerist mikill maður fyrir sér.
2. Í kaflanum virðast ekki allir vera sanngjarnir. Skoðuðu eftirfarandi samskipti út frá sanngirni:
  - a. Hvað finnst þér um kostina sem Björn hinn blakki gerir Ara Þorkelssyni? Hvor þeirra virðist þér sanngjarnari?
  - b. Hvað finnst þér um samskipti þrælsins Kols og Gísla? Kolur ræðst á Gísla vegna þess að Gísli vill ekki skila honum sverðinu. Hvor er sanngjarnari?

## Kafli 2

Ný dygðahugtök: Hugrekki og trygglyndi

1. Sagt er að Þórdís eigi í ástarsambandi við Bárð. Í samfélagi þar sem sæmdarsíðferði er við lýði skiptir máli að ungar og ógiftar konur umgangist menn sem eru samboðnir virðingu fjölskyldunnar.
  - a. Af hverju heldurðu að Þorbirni falli illa að Bárður sé í ástarsambandi við Þórdísi?
  - b. Af hverju heldurðu að Gísla finnist Bárður eiga skilið að vera drepinn? Er það sanngjarnt af Gísla að drepa Bárð?
2. Sá sem ætlar að viðhalda sæmd þarf gjarnan að sýna hugrekki. Ein leið til að skilgreina hugrekki er að segja að það sé að gera eitthvað jafnvel þótt maður kunni að vera hræddur. Hvernig tengjast sæmd og hugrekki í eftirfarandi atriðum í sögunni?
  - a. Kolbjörn samþykkir að berjast við Skeggja.
  - b. Gísli segir Kolbirni að skammast sín.
  - c. Gísli varð frægur af því að sigra Skeggja.
3. Í kaflanum virðist trygglyndi við fjölskylduna skipta miklu máli. Kannski er það vegna þess að best er að fjölskyldan standi saman til að verjast mögulegum utanaðkomandi árásum og viðhalda sæmdinni. Skoðuðu hverjir sýna trygglyndi eða ótrygglyndi í kaflanum og af hverju.
  - a. Sýnir Þórdís trygglyndi gagnvart fjölskyldu sinni og föður með sambandi sínu við Bárð?
  - b. Hvort sýnir Gísli eða Þorkell meira trygglyndi gagnvart ætt sinni og föður?

- c. Sýnir Þorkell trygglyndi gagnvart Gísla?
  - d. Sýnir Þorkell trygglyndi gagnvart vini sínum Skeggja?
  - e. Sýnir Kolbjörn vonbiðill Þórdísar trygglyndi gagnvart Þórdísi?
  - f. Hvort sýnir Gísli eða Þorkell meira trygglyndi gagnvart Þórdísi í kaflanum?
4. Kaflinn lýsir átökum þar sem systkinin þrjú, Þórdís, Gísli og Þorkell, koma mjög við sögu. Í kaflanum drepur Gísli til að mynda ástmann Þórdísar og Gísli og Þorkell verða bæði ósáttir og sættast aftur.
- a. Hvað heldurðu að Gísla finnist um Þórdísi og Þorkel?
  - b. Hvað heldurðu að Þorkatli finnist um Þórdísi?
  - c. Hvernig getur Þorkell hafa orðið svona reiður við Gísla en jafnframt fyrirgefið honum aftur?
  - d. Hvað heldurðu að Þórdísi finnist um Þorkel?
  - e. Hvað heldurðu að Þórdísi finnist um Gísla og það sem hann gerði?

### Kaflí 3

1. Kolbjörn kys frekar að fara með sonum Skeggja að brenna Þorbjörn og syni hans inni en að eiga á hættu að Skeggjasynir muni drepa hann.
  - a. Hvaða val hefur Kolbjörn? Var hann hugrakkur?
  - b. Er sanngjarnt af Kolbirni að fara að brenna Gísla inni? Er skammarlegt af honum að gera það?
  - c. Hvað hefðir þú gert í sporum Kolbjörns?
2. Tólf menn brunnu inni á heimili Þorbjörns að Stokkum þegar synir Skeggja og Kolbjörn kveiktu í húsinu. Tíu manns komust lífs af, þar af Gísli, systkini hans og foreldrar.
  - a. Var sanngjarnt af Gísla og mönnum hans að brenna Kolbjörn og fylgdarlið hans inni, alls tólf menn?
  - b. Var sanngjarnt af Gísla og mönnum hans að drepa syni Skeggja og fylgdarmenn, alls níu menn, og einnig Skeggja sjálfan?
  - c. Var sanngjarnt af Gísla og mönnum hans að hirða fjármunina úr bæ sona Skeggja?

3. Leggðu mat á hugrekki eftirfarandi persóna í köflum 1, 2 og 3. Eru þær huglausar, hugrakkar eða fífldjarfar? Rökstyddu svarið.

Kafli 1	huglaus	hugrakkur	fífldjarfur	af því að ...
Björn hinn blakki				
Ari Þorkelsson				
Gísli Þorkelsson				
Kolur þræll				
<b>Kafli 2</b>				
Bárður				
Gísli Súrsson				
Þorkell Súrsson				
Þorbjörn súr				
Hómgöngu-Skeggi				
Kolbjörn				
<b>Kafli 3</b>				
Synir Skeggja: Einar og Árni				

#### Kafli 4

Nýtt dygðahugtak: Dugnaður

1. Sagt er um einn mann í kaflanum að hann sé duglegur.
  - a. Hver er það?
  - b. Er eitthvað fleira sagt um hann sem getur útskýrt af hverju hann er sagður duglegur?
2. Hvernig má ráða það af kaflanum að Gísli sé duglegri en Þorkell bróðir hans?
3. Settu þig í spor Þórdísar og Gísla. Ímyndaðu þér að Þórdís og Gísli hafi rifist um borð í knerrinum á leiðinni til Íslands. Þórdís sakar Gísla um afskiptasemi um ástarmál sín og segir það honum að kenna að fjölskyldan þurfi nú að flýja heimalandið og vini sína. Gísli ver sig, nefnir sínar ástæður og kennir Þórdísi um að hafa valdið brottflutningnum. Skrifðu upp rífrildið milli þeirra systkina. Hvernig endar það?

## Kafli 5

Nýtt dygðahugtak: Vinátta

1. Það er sagt að mikil vinátta hafi verið með Þorgrími og Súrssonum. Á hverju byggist sú vinátta?
2. Eins og enn í dag voru veislur í Íslendingasögum gjarnan leið til að auka virðingu þess sem hélt veisluna og tengja fólk saman. Hvernig má gera ráð fyrir að eftirfarandi hafi áhrif á sæmd þeirra sem í hlut eiga?
  - a. Þorsteinn Þorskabítur gefur þeim sem koma í veislu til hans góðar gjafir að skilnaði.
  - b. Súrssynir halda góða veislu.
3. Af hverju heldurðu að það sé tekið fram þegar menn fara fjörtíu saman að þeir séu allir í litklæðum? Hvernig má tengja saman virðingarstöðu í samfélaginu og að vera í litklæðum?

## Kafli 6

1. Gísli vill að hann, Þorgrímur goði, Þorkell og Vésteinn tryggi vináttu sína með því að sverjast í fóstbræðralag.
  - a. Af hverju vill Gísli að þeir geri þetta?
  - b. Á hverju finnst þér vinátta þeirra hafa byggst? Hvað er það sem þeir virðast eiga sameiginlegt?
  - c. Hvernig fer það fram að sverjast í fóstbræðralag? Er þetta góð leið til að tryggja vináttu við einhvern?
  - d. Hvernig verður fólk venjulega vinir?
2. Tala má um trygglyndi og ótrygglyndi í tengslum við tilraunina til að sverjast í fóstbræðralag.
  - a. Hverjum sýnir Þorgrímur trygglyndi eða ótrygglyndi? Er hægt að hugsa sér einhverja ástæðu fyrir því?
  - b. Hverjum sýnir Gísli trygglyndi eða ótrygglyndi? Er einhver ástæða gefin fyrir því?
3. Setjið á svið leikþátt um stutta vináttu fjórmenninganna.

## Kafli 7

Nýtt dygðahugtak: Heiðarleiki

1. Skoðaðu hegðun Austmannanna í kaflanum.
  - a. Segja má að heiðarleiki felist meðal annars í að standa við orð sín. Hvað er til marks um að Austmennirnir séu ekki heiðarlegir?
  - b. Eru þeir annars sanngjarnir eða hugrakkir? Eða hið gagnstæða?
  - c. Hví heldurðu að þeir hafi verið óvinsælir í Noregi eins og segir undir lok kaflans?

2. Skoðaðu hvernig hugrekki og sæmd tengjast í frásögninni af því þegar Þorgrímur goði hefnir Þórodds sonar síns. Hvaða máli skipta eftirfarandi atriði?
  - a. Þorgrímur fer einn á eftir Austmönnum.
  - b. Þorgrímur vekur Þórarin áður en hann rekur spjótið í gegnum hann.
  - c. Þorgrímur verður frægur af þessari ferð.

## Kafli 8

1. Í kaflanum eru nokkur merki um um vináttu á milli Skegg-Bjálfa, Vésteins og Gísla.
  - a. Hvað ber vott um vináttu á milli Skegg-Bjálfa og Vésteins?
  - b. Hvað ber vott um vináttu á milli Gísla og Skegg-Bjálfa?
  - c. Hvað ber vott um vináttu á milli Vésteins og Gísla?
2. Hvernig má rökstyðja það að trygglyndi skipti máli í vináttu? Af hverju er mikilvægt að geta treyst vinum sínum?
3. Hvað er átt við með að Gísli og Skegg-Bjálfi hafi fengið ýmsan sóma í ferðalaginu?

## Kafli 9

1. Af hverju væri hægt að segja að Þorkell sé ekki heiðarlegur þegar hann heyrir mannamál hjá dyngju Auður og Ásgerður, fer þangað og leggst þar niður?
2. Auður virðist gefa í skyn að Ásgerður sé óheiðarleg.
  - a. Hvernig er Ásgerður óheiðarleg?
  - b. Er Ásgerður trygglynd gagnvart Þorkatli?
  - c. Er Auður trygglynd gagnvart Gísla?
  - d. Af hverju er líklegt að þeir sem eru trygglyndir séu einnig heiðarlegir og öfugt, að þeir sem eru ótrygglyndir séu líka óheiðarlegir?
3. Auður og Ásgerður ætla að koma mismunandi fram við menn sína eftir að þær verða þess varar að Þorkell hefur heyrt tal þeirra.
  - a. Hver er munurinn á því sem þær ætla að gera út frá sjónarhorni heiðarleikans?
  - b. Hvor áætlunin er líklegri til að hafa góðar afleiðingar?
4. Leggðu mat á samskipti Ásgerðar og Þorkels um kvöldið.
  - a. Er hún heiðarleg við hann?
  - b. Er hann heiðarlegur við hana?
  - c. Er hún sanngjörn?
  - d. Er hann sanngjarn?
  - e. Af hverju heldurðu að þau sættist í lokin?

5. Leggðu mat á samskipti Auðar og Gísla um kvöldið.
  - a. Er hún heiðarleg við hann?
  - b. Er hann heiðarlegur við hana?
  - c. Er hún sanngjörn?
  - d. Er hann sanngjarn?

## Kafli 10

Nýtt dygðahugtak: Væntumþykja

1. Finndu tvennt í kaflanum sem ber vott um að Þorkell hafi ekki verið sérlega duglegur við bústörfin þegar hann bjó með Gísla.
2. Er Þorkell heiðarlegur við Gísla um ástæðu þess að hann vill flytja til Þorgríms?
3. Rifjaðu upp vinskap Gísla og Þorkels. Af hverju segir Gísli að vinskapur þeirra hafi verið góður og slæmur?
4. Auði og Gísla virðist báðum þykja vænt um Véstein. Af hverju vilja þau þá mismunandi hluti varðandi hann? Auður vill að Vésteinn komi til veislunnar en Gísli vill það ekki.
5. Teiknaðu tvo hringi sem skarast. Gerðu þrjú svona pör af hringjum.
  - a. Fyrstu tveir hringirnir tákna Gísla og Þorkel og þar sem hringirnir skarast er það sem þeir eiga sameiginlegt. Settu það inn í hringina sem er sameiginlegt og ólíkt.
  - b. Næstu tveir hringirnir tákna þig og annaðhvort Gísla eða Auði. Settu það inn í hringina sem þið eigið sameiginlegt og það sem er ólíkt.
  - c. Þriðja parið af hringjum tákna annaðhvort Gísla eða Auði og einhverja persónu í bók, tölvuleik eða kvikmynd sem þú heldur upp á. Fylltu inn í hringina.

## Kafli 11

1. Í kaflanum eru að minnsta kosti tvö dæmi um leynd en það að leynd hlutum getur verið merki um óheiðarleika.
  - a. Þorgrímarnir tveir og Þorkell byggja smiðjuna þegar Þorgrímur nef smíðar vopn. Af hverju vilja þeir fara leynt með það?
  - b. Er líklegt að ásetningur Þorgríma og Þorkels sé góður?
  - c. Önundur úr Meðaldal kallar Gísla á eintal. Af hverju vill hann ekki að allir heyri það sem hann hefur að segja?
  - d. Virðist þér ásetningur Önundar og Gísla góður?
2. Vinátta getur snúist um mismunandi hluti og aðstæður geta kallað fram mismunandi hliðar á vináttunni.
  - a. Um hvað snýst vinátta Þorgríms goða og Þorkels í kaflanum?
  - b. Um hvað snýst sá vinarhugur sem Gísli ber til Vésteins í kaflanum?



## Kafli 12

Nýtt dygðahugtak: Hjálpssemi

- Vésteinn segir: Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar. Hér fyrir neðan eru nokkrar hugmyndir um hvað Vésteinn á við með þessum orðum. Settu eftirfarandi dygðir og lesti við þær fullyrðingar þar sem þér finnst passa best: Agaleysi, auðmýkt, fíflirfska, hugrekki, leti og sómakennnd.
  - Hann óttast ekki það sem kann að mæta honum í Dýrafirði. \_\_\_\_\_
  - Hann er kominn of langt til að nenna að snúa við. \_\_\_\_\_
  - Hann vill ekki að það fréttist um sig að hann þori ekki að fara til Gísla í Dýrafjörð. \_\_\_\_\_
  - Hann telur að hann muni sigrast á hverri hindrun, hver sem hún er. \_\_\_\_\_
  - Hann telur að örlög sín verði ekki umflúin og því tekur hann því sem að höndum ber. \_\_\_\_\_
  - Hann langar mjög mikið að hitta Ásgerði og getur ekki haldi aftur af sér. \_\_\_\_\_
  - Hefðir þú viljað hafa aðrar dygðir til að setja í eyðurnar?
  - Hvaða setning hér fyrir ofan finnst þér túlka orð Vésteins best?
- Hjálpssemi má skilja sem það að aðstoða manneskju sem þarf á aðstoð að halda. Hvaða persónur sýna hjálpssemi í kaflanum?

Persóna	er hjálpsamur/söm	er ekki hjálpsamur/söm	af því að ...
Vésteinn			
Húskarlar í Holti			
Hallvarður			
Hávarður			
Lúta			
Þorvaldur gneisti			
Geirmundur			
Rannveig			
Þorgrímur goði			
Gísl			

3. Geirmundur virðist óheiðarlegur við Þorgrím goða.
  - a. Af hverju er hann það? Hvert er markmið hans?
  - b. Er gott eða vont hjá honum að vera óheiðarlegur hér? Getur markmið réttlætt óheiðarleika?

## Kafli 13

Nýtt dygðahugtak: Hyggindi

1. Hvað í kaflanum er til merkis um að Þórður hinn huglaus sé ekki sérstaklega hugrakkur?
2. Það að vera hygginn felur gjarnan í sér að vera fær um að sjá fyrir sér mögulegar afleiðingar athafna.
  - a. Af hverju biður Auður Þórð hinn huglausa að taka spjótíð úr sárinu? Er það hyggilegt af henni?
  - b. Af hverju vill Þórður ekki taka vopnið úr sárinu? Er það af því að hann er hygginn?
  - c. Er það hyggilegt af mönnum á Sæbóli að sitja með vopnum þegar Guðríður kemur í heimsókn?
3. Gísli tekur vopnið úr sári Vésteins. Tengist það eitthvað trygglyndi og sæmd?
4. Gísli sendir Guðríði á Sæból af því að hann treystir henni betur en öðrum.
  - a. Segir traust Gísla á Guðríði eitthvað um trygglyndi hennar gagnvart honum?
  - b. Hvernig sjáum við að það var rétt af Gísla að treysta henni til ferðarinnar?
  - c. Hver er munurinn á ferð hennar og heimsókn Rannveigar að Hóli í síðasta kafla? Hvor virðist hyggjari Guðríður eða Rannveig?

## Kafli 14

1. Útför Vésteins fer fram. Eru menn heiðarlegir þegar þeir segjast ekki vita hver hafi framið glæpin?
2. Þorkell spyr Gísla tvisvar hvort Auður gráti bróðurdauðann.
  - a. Af hverju ætli hann vilji vita það? Getur verið að hann hafi samviskubit?
  - b. Af hverju fær fólk samviskubit?
  - c. Auður grætur bróður sinn því henni þótti vænt um hann. Getur líka verið að hún hafi samviskubit?
  - d. Hvað er til merkis um það í samskiptum Þorkels og Gísla að Gísli hafi þótt mjög vænt um Véstein?
3. Þorkell segist vilja taka upp leika og styrkja vináttuna við Gísla.
  - a. Af hverju gæti hann viljað styrkja vináttuna?
  - b. Er gott ráð að taka upp leika til að styrkja vináttu?

## Kafli 15

Ný dygðahugtök: Hreysti og sáttfýsi

1. Nú fara fram leikar en þar skiptir miklu máli að vera hraustur. Hreysti er fyrst og fremst líkamleg dygð og felst til dæmis í að vera liðugur og sterkur. Sá sem ætlar að sýna hreysti sína þarf þó líka að hafa keppnisskap. Því getum við sagt að hreysti feli bæði í sér líkamlega og sálræna eiginleika.
  - a. Hvernig birtast tengsl hreysti og sæmdar í lýsingunni á knattleiknum?
  - b. Af hverju heldurðu að Þorkell vilji að Gísli hlífi ekki Þorgrími?
  - c. Hvor virðist hér hraustari í knattleiknum Gísli eða Þorgrímur? Af hverju?
  - d. Af hverju heldurðu að Þorgrímur segi að honum þyki ekki slæmt að Vésteinn hafi verið stunginn spjóti?
  - e. Heldurðu að leikarnir hafi endað eins og Þorkell vildi (sbr. síðasta kafla)?
2. Sá er sáttfús sem er tilbúinn að sættast í stað þess að stofna til illinda eða ýfa upp sár. Hvaða eftirfarandi persónur sýna sáttfýsi og hverjar ekki í þeim hluta kaflans sem gerist eftir að knattleikurinn er búinn?

Persóna	er sáttfús	er ósáttfús	af því að ...
Þorgrímur goði			
Þorkell			
Geirmundur			
Auður			
Gísli			

3. Þorkell segir: „Allt kann sá er hófið kann“.
  - a. Hvernig er sá sem er ekki hófsamur?
  - b. Um hvern er Þorkell að tala? Í hverju sýnir viðkomandi ekki hófsemi?
  - c. Hvernig getur það krafist sjálfsaga að sýna hófsemi? Taktu dæmi.
  - d. Í hverju finnst þér erfiðast að sýna hófsemi?
  - e. Finnst þér hófsemi mikilvæg dygð?

## Kafli 16

1. Rifjaðu upp hverjir voru sáttfúsir og ósáttfúsir í síðast kafla.
  - a. Af hverju heldurðu að Gísli hafi reynt að virðast sáttfús í síðasta kafla?
  - b. Var Geirmundur eins sáttfús í síðasta kafla og hann virtist vera? Heldurðu að hann hafi vitað hvað Gísli ætlaði að gera? Skoðaðu orð hans í síðasta kafla.

- c. Er Auður jafn sáttfús eða ósáttfús og í síðasta kafla? Heldurðu að hún viti hvað Gísli ætlar að gera þegar hann fer út?
  - d. Hefnist Þorgrími goða fyrir það hvernig hann kom fram við Geirmund í síðasta kafla? Eru það makleg málagjöld?
2. Gísli drepur Þorgrím.
- a. Hvað segir það um hyggindi Gísla hvernig hann vegur Þorgrím (nefndu að minnsta kosti tvö atriði)?
  - b. Segir það eitthvað um hreysti Gísla hvernig hann vegur Þorgrím?

## Kafli 17

1. Hvað er til marks um hugleysi Þórðar hins huglausa í þessum kafla?
2. Þorkell felur skó Gísla.
  - a. Af hverju gerir hann það?
  - b. Hvernig má skilja það sem óheiðarleika?
  - c. Hvernig má skilja það sem trygglyndi?
  - d. Er gott eða vont hjá honum að fela skóna?
3. Eftir víg Þorgríms og Vésteins hafa bræðurnir Gísli og Þorkell báðir misst kæran vin. Var sanngjarnt af Gísla að drepa Þorgrím? Eru bræðurnir þá orðnir jafnir?
4. Gísli segist vilja taka upp leika og styrkja vináttuna við Þorkel, eins og Þorkell sagði í kafla 14.
  - a. Af hverju gæti hann viljað styrkja vináttuna?
  - b. Getur verið að Gísli sé að reyna að sættast við Þorkel? Af hverju?
  - c. Þorkell tekur hugmynd Gísla vel og virðist vilja sættast en hvað með Þórdísi? Hvernig heldurðu að henni líði með að Gísli hafi drepið eiginmann hennar?

## Kafli 18

1. Gísli og Þorkell héldu leika saman.
  - a. Af hverju heldurðu að meira kapp hafi orðið í leikmönnum eftir því sem fleiri komu að horfa á?
  - b. Hver er hraustastur, sá sem er líkamlega sterkastur eða sá sem er mesti keppnismaðurinn?
2. Gísli kveður vísu í kaflanum.
  - a. Er það hyggilegt af honum að kveða þessa vísu?
  - b. Af hverju heldurðu að hann hafi kveðið vísuna?

3. Hvaða persónur sýna sáttfýsi í kaflanum og hverjar ekki?

Persóna	er sáttfús	er ósáttfús	af því að ...
Gísli			
Þorkell			
Börkur			
Þorsteinn			
Bergur			
Auðbjörg			

## Kafli 19

- Þórdís segir Berki frá vísunni sem Gísli bróðir hennar kvað um að hann hafi drepið Þorgrím mann hennar. Hún segir Berki frá vísunni einhverjum mánuðum eftir að hún heyrði hana.
  - Af hverju heldurðu að Þórdís bíði svona lengi með að segja frá vísunni? Geta falist væntumþykja og trygglyndi í því?
  - Af hverju heldurðu að Þórdís segi þó á endanum frá vísunni? Geta falist væntumþykja og trygglyndi í því?
  - Börkur gefur í skyn að Þórdís sýni hér kaldlyndi sem segja má að sé andstæðan við væntumþykju. Upplifir þú að Þórdís sé kaldlynd þegar hún segir frá vísunni?
  - Settu þig í spor Þórdísar og gerðu grein fyrir tilfinningum hennar í stuttri hugleiðingu.
- Gísli virðist telja að Þórdís sýni honum ekki mikið trygglyndi með því að segja frá vísunni með tilliti til þess sem á undan er gengið í sögunni.
  - Af hverju finnst Gísla að Þórdís ætti að sýna sér trygglyndi?
  - Hvernig gæti Þórdís séð hlutina öðruvísi en Gísli að þessu leyti?
- Þorkell varar Gísla við en vill ekki hjálpa honum þannig að það geti komið honum í andstöðu við lögin.
  - Hvað má segja um trygglyndi Þorkels í þessum samskiptum við Gísla?
  - Þorkell blekkir Börk í því skyni að vara Gísla við. Hvaða löst sýnir hann gagnvart Berki?

## Kafli 20

1. Hvort finnst þér að Gísli sé frekar huglaus eða hygginn að selja land sitt?
2. Ljóst er af kaflanum að Þórður hinn huglausi er hvorki hygginn né hugrakkur.
  - a. Ef þú skoðar hegðun Þórðar í kaflanum hvað finnst þér að segja megi um þroska hans? Hvernig heldurðu að við myndum lýsa honum í dag.
  - b. Gísli virðist hyggjari en Þórður en hvernig finnst þér hann koma fram við Þórð?
  - c. Af hverju er líklega ósanngjarnt að segja að Þórður hefði einfaldlega ekki átt að láta plata sig?
3. Börkur og menn hans elta Gísla og Þórð. Hvor virðist þér hugrakkari Saka-Steinn eða Þorgrímur Austmaður? Af hverju?
4. Hvernig má greina hreysti Gísla í kaflanum (nefndu að minnsta kosti tvennt).

## Kafli 21

Nýtt dygðahugtak: Þrautseigja

1. Bjartmarssynir fara til þings fyrir hönd Gísla.
  - a. Þrautseigja felst í því að gefast ekki upp þegar á móti blæs. Hvað má segja um þrautseigju Bjartmarssona á þingi?
  - b. Hvað má segja um hugrekki Bjartmarssona eftir þingið?
  - c. Var Gísli hygginn að fá þá til verksins? Hefði verið betra að fá einhverja aðra?
2. Höfðingjar vilja ekki hjálpa Gísla.
  - a. Hvernig útskýrir sagan það?
  - b. Hvað hefði það getað kostað höfðingjana að hjálpa honum?
  - c. Myndir þú veita vini hjálp ef þig grunar að það geti kostað þig mikið? Hvað myndir þú fórna miklu fyrir vin?
  - d. Þarf maður að vera í góðri stöðu, ríkur, valdamikill, vinsæll, til að geta hjálpað öðrum?
  - e. Þekkir þú spakmælið, vinur er sá sem í raun reynist? Hvað þýðir það? Er eitthvað til í því?

## Kafli 22

1. Börkur borgar Eyjólfvi hinum gráa háa fjárhæð fyrir að finna Gísla og drepa hann.
  - a. Af hverju er svona mikilvægt fyrir Börk að Gísli sé drepinn?
  - b. Segir það eitthvað um persónu Eyjólfv að hann er tilbúinn að taka svona verk að sér? Er hann líkur einhverri persónu í bíómynd eða þætti sem þú hefur séð?
  - c. Hvað myndum við segja um svona viðskipti í dag?

2. Sagan segir að Gísli sé vitur eða hygginn og hann dreymi óorðna atburði.
  - a. Væri sá vitur sem gæti séð inn í framtíðina? Hvernig getur það hjálpað viðkomandi?
  - b. Gæti sá sem sæi framtíðina jafnframt breytt henni?
3. Tvær konur, ein góð og önnur vond, birtast Gísla í draumum. Góða draumkonan ráðleggur Gísla að vera góður við þá sem eru fatlaðir, fátækir eða ósjálfbjarga. Hvernig hefur Gísli komið fram við minnimáttar hingað til?

## Kafli 23

1. Eyjólfur og menn hans bjóða Auði fé fyrir að koma upp um Gísla, síðan hóta þeir að misþyrma henni ef hún segi þeim ekki hvar hann sé. Hvaða tvær af eftirfarandi dygðum finnst þér Auður helst sýna í þessum aðstæðum: Dugnað, hreysti, hugrekki, hyggindi, sanngirni, sáttfýsi, trygglyndi eða þrautseigju? Af hverju?
2. Auður, Þorgerður á Vaðli og Þorkell veita Gísla öll hjálp í kaflanum.
  - a. Hvert þeirra leggur sig í mesta hættu við að hjálpa honum?
  - b. Hvert þeirra gagnast honum mest?
  - c. Hvert þeirra gerir allt sem hann eða hún getur gert?
  - d. Hvert þeirra hefði sannarlega getað gert meira?
3. Gísli sakar Þorkel bróður sinn um lítilmennsku.
  - a. Hvað á hann við? Hvað er lítilmennska?
  - b. Hvað heldurðu að Gísli sjálfur hefði gert í sporum Þorkels?
  - c. Hvernig hefðir þú brugðist við ef bróðir þinn hefði verið í sporum Gísla?

## Kafli 24

1. Í þessum kafla gæti Gísli virst meiri tilfinningavera en áður og jafnvel vera orðinn örvæntingafullur. Hér segir að hann geti ekki verið án Auðar en hann flækist þó á milli staða: Fer frá Auði til Þorgerðar, aftur til Auðar, hittir svo Þorkel þó að hann hafi verið dapur eftir að hafa hitt hann síðast og sviðsetur svo loks eigin dauða á leiðinni til Ingjalds í Hergilsey.
  - a. Hefurðu samúð með Gísla?
  - b. Er refsing hans sanngjörn?
  - c. Á Gísli skilið að fá annað tækifæri?
2. Ingjaldur er leiguliði í Hergilsey og frændi Gísla en Þorkell er höfðingi og bróðir Gísla. Berðu saman móttökur Þorkels og Ingjalds þegar Gísli sækir þá heim. Hver er munurinn með tilliti til eftirfarandi dygða?
  - a. Hjálpssemi.
  - b. Hugrekki.
  - c. Hyggindi.

## Kafli 25

1. Hvað er til marks um dagnað
  - a. Gísli í kaflanum?
  - b. Ingjaldar í kaflanum?
2. Njósnaar-Helgi kemst að því að Gísli er í Hergilsey.
  - a. Gerir hann það með heiðarlegum hætti?
  - b. Er hægt að segja að Helgi beiti hyggindum við að komast að þessu?
3. Með Ingjaldi voru þræll, ambátt og þroskaheftur sonur hans sem var bundinn við stein.
  - a. Hvað heita þessar persónur og hver er staða þeirra í samfélaginu?
  - b. Hvernig brýtur staða þessa fólks í bága við þær mannréttindahugmyndir sem eru ríkjandi á okkar tíma?

## Kafli 26

1. Gísli segist vilja vita hvort að Ingjaldur sé eins ráðagóður og hann sé drengurinn góður.
  - a. Hvað heldurðu að það sé að vera góður drengur, með öðrum orðum að sýna drenglyndi?
  - b. Hvað hefur Ingjaldur gert sem verðskuldar að Gísli kalli hann góðan dreng?
  - c. Af hverju finnst Gísli ráðið sem Ingjaldur leggur til sýna drenglyndi hans og tryggð?
  - d. Reynist Ingjaldur ráðagóður eða hygginn að mati Gísla?
  - e. Af hverju heldurðu að Ingjaldur hafi ekki verið sáttur við það sem Gísli lagði til?
2. Ingjaldur er leiguliði Barkar en hagar sér samt ekki eins og hann skuldi honum neitt.
  - a. Hvernig hjálpar Ingjaldur Gísla í kaflanum?
  - b. Hvað er til marks um hugrekki Ingjaldar í kaflanum?
  - c. Hefði Ingjaldur frekar átt að sýna Berki trygglyndi en Gísla?
3. Raðaðu persónunum í röð eftir því hver sýnir mest hugrekki í kaflanum: Bóthildur, Börkur, Gísli, Ingjaldur. Af hverju raðar þú persónunum í þessa röð?
4. Raðaðu persónunum í röð eftir því hver sýnir mest hyggindi í kaflanum: Bóthildur, Börkur, Gísli, Ingjaldur. Af hverju raðar þú persónunum í þessa röð?

## Kafli 27

Nýtt dygðahugtak: Þakklæti

1. Hvernig má sjá að Bóthildur leggur sig alla fram við að hjálpa Gísla?



2. Gísli er á flóttu þegar hann kemur til Refs bónda.
  - a. Af hverju ætli Gísli sé heiðarlegur við Ref um hvernig staða hans er?
  - b. Af hverju heldurðu að Refur ákveði að hjálpa Gísli?
  - c. Af hverju heldurðu að Álfdrís, kona Refs, taki þátt í að hjálpa Gísli?
3. Segja má að Refur sé bæði hygginn og óheiðarlegur í því hvernig hann kemur fram við menn Barkar. Hvaða hlutverki gegnir eftirfarandi hegðun Refs?
  - a. Hann biður Álfdrísi að vera hávaðasama og orðljóta við menn Barkar.
  - b. Hann segist tilbúinn að drepa Gísli.
  - c. Hann segist vilja vera vinur Barkar.
  - d. Hann vill gjarnan að menn Barkar leiti að Gísli í húsum sínum.
  - e. Hann biður Álfdrísi að haga sér vel þegar hún skammast út í menn Barkar.
4. Það kemur fram í kaflanum að Álfdrís og Refur hafi ýmsa lesti.
  - a. Hvaða lestir eru það?
  - b. Hvaða dygðir væru samsvarandi þessum löstum?
  - c. Búa þau Refur og Álfdrís einnig yfir einhverjum dygðum?
5. Talað er um sæmd Barkar og manna hans bæði í upphafi kaflans og undir lok hans.
  - a. Í hverju felst svívirðingin sem þeir verða fyrir í kaflanum?
  - b. Finnst þér að þeir eigi að skammast sín?
6. Gísli sýnir þakklæti tvisvar í kaflanum.
  - a. Hverjum sýnir hann þakklæti og fyrir hvað?
  - b. Hvernig má segja að í annað skiptið fylgi hann þeim ráðum sem góða draumkonan gaf honum í kafla 22?
7. Sagt er í lok kaflans að Gísli hafi verið hraustur og hugrakkur en ekki gæfumaður.
  - a. Hvernig kemur hreysti Gísli fram í kaflanum?
  - b. Hvernig sýnir Gísli hugrekki í kaflanum?
  - c. Hvað er að vera gæfumaður?
  - d. Af hverju heldurðu að Gísli hafi ekki verið gæfumaður?

## Kafli 28

1. Þorkell Súrsson kemur til Þorskafjarðarþings.
  - a. Hvað má ráða um dagnað Þorkels Súrssonar af kaflanum?
  - b. Hvað má ráða um sæmdarstöðu Þorkels af klæðaburði hans?

2. Sveinarnir tveir í kaflanum eru ýmist heiðarlegir eða óheiðarlegir í framkomu sinni. Einnig sýna þeir stundum hyggindi og hugrekki. Merktu við það sem á við um eftirfarandi athafnir?

Athöfn	sýnir heiðarleika	sýnir óheiðarleika	sýnir hyggindi	sýnir hugrekki
Klæðast eins og förumenn				
Segjast forvitnir að sjá frægustu mennina				
Pakka Hallbirni fyrir að segja sér frá höfðingjunum				
Skjalla Þorkel				
Fá að skoða sverð Þorkels				
Drepa Þorkel fyrir framan menn hans				
Gefa í skyn hverjir þeir eru				
Hlaupa til skógar				

## Kafli 29

1. Dráp Þorkels og eftirmálar þess verða Berki til skammar.
  - a. Hvað er það sem er skammarlegt fyrir Bork?
  - b. Segir það eitthvað um hyggindi Barkar að hann leitir ráða hjá Gesti sem er frændi Vésteinssona? Hefði hygginn maður vitað það eða áttað sig á því?
2. Sveinarnir tveir koma í Geirþjófsfjörð til Auðar.
  - a. Af hverju gæti það verið hyggilegt af henni að blanda Gísla ekki í mál þeirra en senda þá frekar burt?
  - b. Var hyggilegt af þeim að leita þangað?

## Kafli 30

1. Með því að segja Gísla að synir Vésteins hafi komið til hennar virðist Auður vilja kanna hug Gísla til þeirra.
  - a. Hvað er Auður að kanna og hvers vegna?
  - b. Er eitthvað sem bendir til að Auði þyki vænt um piltanna? Skoðu líka það sem gerðist í síðasta kafla.

2. Gísli stekkur upp og dregur sverðið úr slíðrum þegar hann heldur að bróðurbani sinn sé í húsinu. Leggðu mat á eftirfarandi fullyrðingar. Útskýrðu hvað þér finnst um þær.
  - a. „Gísli hefur greinilega þótt mjög vænt um Þorkel bróður sinn.“
  - b. „Gísli vill bara hefna Þorkels til að viðhalda sæmd fjölskyldunnar.“
  - c. „Þorkell á það ekki skilið að Gísli sé hryggur yfir dauða hans vegna þess hvernig Þorkell kom fram við Gísli.“

### Kafli 31

1. Ef verðlaun yrðu veitt fyrir dygðuga framgöngu í kaflanum hver af eftirfarandi fengi fyrstu, önnur og þriðju verðlaun: Eyjólfur, Hávarður, Njósнар-Helgi?
  - a. Fyrir hyggindi?
  - b. Fyrir hugrekki?
  - c. Fyrir heiðarleika?
2. Eyjólfur býður Auði fé fyrir að segja til Gísla.
  - a. Af hverju heldurðu að Eyjólfur geri þetta? Hverja af eftirtöldum dygðum virðist hann helst skorta: Heiðarleika, hjálpssemi, þakklæti eða þrautseigju? Af hverju?
  - b. Finnst þér líklegt að Auður muni þiggja féð og segja til Gísla? Veltu fyrir þér ástæðum sem hún gæti haft bæði fyrir að þiggja féð og þiggja það ekki.

### Kafli 32

1. Hvað segir það um Guðríði, gott og vont, að hún fer að segja Gísla að Auður ætli að svíkja hann?
2. Auður telur féð sem Eyjólfur lætur hana hafa en lemur hann svo með því.
  - a. Hvaða tvær af eftirfarandi dygðum sýnir Auður helst í samskiptunum við Eyjólf: Dugnað, heiðarleika, hugrekki, hyggindi, sáttfýsi eða trygglyndi?
  - b. Hvaða löst væri hægt að segja að Auður sýndi í þessum samskiptum: Hugleysi, óheiðarleika eða óvináttu?
3. Það virðist hafa verið meiri skömm að vera barinn af konu á tímum Íslendingasagna en það væri nú í dag.
  - a. Af hverju heldurðu að það hafi verið?
  - b. Þetta skýrir líklega að einhverju leyti af hverju Eyjólfur verður svona reiður en hvað fleira gæti útskýrt reiði hans?
4. Auður virðist hygginn en samt óheiðarleg, eins og Hávarður í síðasta kafla. Auður þykist ætla að svíkja Gísla en gerir það ekki og Hávarður þykist ekkert vita eða muna og segir eitt og gerir annað. Svipað má segja um Ref og Álfvísi í kafla 27.
  - a. Er allt í lagi að vera óheiðarlegur við fólk sem hefur illt í hyggju?
  - b. Hefðu Auður og Hávarður getað verið hygginn og náð sínu fram án þess að vera óheiðarleg?

### Kafli 33

1. Í kaflanum dreymir Gísli meðal annars atburði sem eiga eftir að gerast en hann virðist áður í sögunni hafa séð fyrir óorðna atburði í draumum (sbr. kafla 14 og 22). Leggðu mat á eftirfarandi fullyrðingar. Útskýrðu hvað þér finnst um þær.
  - a. „Það er merki um visku eða hyggindi Gísli að sjá inn í framtíðina í draumum.“
  - b. „Draumarnir eru ekki merki um hyggindi heldur segja Gísli bara það sem hann er hræddur um að geti gerast.“
  - c. „Það sýnir hugleysi hjá Gísli að verða myrkfælinn vegna draumanna og þora ekki að vera einn.“

### Kafli 34

1. Eyjólfur gefur í skyn að Gísli hafi flúið af því að hann sé huglaus.
  - a. Er það sanngjarnt mat á flótta Gísli?
  - b. Af hverju heldurðu að Eyjólfur segi þetta núna?
  - c. Hvernig snýr Gísli þessu tali um hugrekki og hugleysi sér í vil?
2. Njósna-Helgi gerir fyrstu atlögu að Gísli. Af hverju heldurðu að hann geri það?
3. Hvernig persóna virðist þér Eyjólfur vera?
  - a. Hvað af eftirfarandi löstum einkenna hann: Hugleysi, leti, óheiðarleiki, óhreysti eða vanþakklæti?
  - b. Býr hann yfir einhverjum af eftirfarandi dygðum: Hyggindum, sáttfýsi eða trygglyndi?

### Kafli 35

1. Kaflinn er fyrst og fremst lýsing á bardaga.
  - a. Finndu að minnsta kosti fjögur orð í kaflanum sem lýsa góðum eiginleikum bardagamanna.
  - b. Hvaða dygðir er helst um að ræða?
  - c. Hver eða hverjir hafa þessar bardagadygðir í mestum og minnstum mæli af þeim sem talað er um: Eyjólfur, Gísli, menn Eyjólfss?

### Kafli 36

1. Gísli virðist gefa sig allan í bardagann og standast álagið lengur en flestir myndu gera.
  - a. Hvað í kaflanum ber vott um þrautseigju Gísli?
  - b. Gísli var einnig lengur í útlegð en flestir aðrir (sbr. kafla 22). Hvað í fari hans heldurðu að hafi valdið mestu um að hann gat verið svona lengi í útlegð?

2. Veltu fyrir þér hlutverki sæmdarinnar í aðförinni að Gísla.
  - a. Hvaða hlutverk spilar hún í kaflanum?
  - b. Rifjaðu upp forsöguna og þá svívirðingu og skömm sem Eyjólfur og Börkur höfðu áður orðið fyrir í viðleitni sinni til að ná Gísla (sbr. kafla 20, 22, 23, 26, 27, 31 og 32).
  - c. Skiptir þessi forsaga máli í aðförinni að Gísla í köflum 34, 35 og 36?
3. Eins og í kafla 27 er hér sagt að Gísli hafi verið öðrum mönnum hraustari en hafi þó ekki verið gæfumaður.
  - a. Að hve miklu leyti má rekja ógæfu Gísla til aðstæðna sem hann ræður ekki við (sbr. kafla 2, 6, 9, 12, 13, 18, 19 og 21)?
  - b. Að hve miklu leyti má rekja ógæfu Gísla til Þorkels bróður hans (sbr. kafla 2, 9, 10, 19, 20, 23 og 24)?
  - c. Að hve miklu leyti er ógæfan Gísla sjálfum að kenna (sbr. kafla 2, 16, 18 og 21), til dæmis kröfunnar sem hann og samfélagið setja á hann um sæmd? Hvað hefði hann getað gert öðruvísi til að auka gæfuna í lífi sínu?

## Kafli 37

1. Hvernig lætur Börkur þakklæti sitt við Eyjólf í ljós, bæði fyrir og eftir að Þórdís stingur Eyjólf?
2. Hugleiddu sverðstungu Þórdísar í ljósi þess að það var hún sem kom upp um Gísla.
  - a. Þegar Þórdís kom upp um Gísla (kafla 19) heldurðu þá að hún hafi viljað að hann yrði drepinn?
  - b. Er hegðun Þórdísar gagnvart Eyjólf ósanngjörn gagnvart Berki? Hefði Börkur getað hagað sér betur?
  - c. Hvernig heldurðu að Eyjólf líði með hegðun Þórdísar eftir allt erfiðið sem hann hefur lagt á sig við að drepa Gísla? Er Þórdís vanþakklát Eyjólf eða átti hann þetta skilið?
3. Í Þórdísi virðist togast á væntumþykja til tveggja manna (sbr. líka kafla 19).
  - a. Hvaða menn eru þetta?
  - b. Í kafla 19 virðist væntumþykjan til annars yfirsterkari. Hvernig má útskýra það?
  - c. Í þessum kafla virðist væntumþykjan til hins yfirsterkari. Hvernig má útskýra það?
  - d. Af hverju heldurðu að Þórdís segi skilið við Bök í lok kaflans?
  - e. Hvernig má útskýra að Þórdís sé þrautseig?

## Kafli 38

1. Það kemur fram í kafla 2 að Ari Súrsson bróðir Gísla, Þorkels og Þórdísar hafi verið sendur í fóstur sem barn. Hann kemur nú aftur við sögu og vegur Berg Vésteinsson.
  - a. Af hverju er hann að skipta sér af?
  - b. Hvaða dygð má segja að Ari sýni með því að drepa Berg?
  - c. Hvað má álykta um sáttfýsi Ara af kaflanum?
  - d. Er Ari aðdáunarverð persóna?